

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Samþykktar í nóvember 2021

Ábyrgðaraðili: Regluvörður

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra laga, sbr. einkum ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 og reglugerðar nr. 976/2021 um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vöruþróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings. Þá byggja reglurnar á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar („EBA“) um innri stjórnarhætti, eins og þær eru hverju sinni. Reglurnar teljast vera stefna Kvíku eignastýringar hf. (hér eftir „KE“ eða „félagið“) um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í skilningi 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 og umræddra viðmiðunarreglna, auk III. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- 1.2. Reglunum er ætlað að takmarka hagsmunaárekstra í rekstri félagsins og fjalla um það hvernig hagsmunaárekstrar skulu meðhöndlaðir ef þeir koma upp.
- 1.3. Markmið reglnanna er að auka trúverðugleika félagsins og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem upp geta komið í starfsemi félagsins. Jafnframt er markmið reglnanna að koma í veg fyrir að hlutlægni þeirra sem eftir þeim starfa verði dregin í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.
- 1.4. Reglurnar gilda um alla starfsmenn félagsins. Með starfsmönnum er átt við starfsmenn samkvæmt hefðbundnu ráðningarsambandi, verktaka eða samkvæmt annars konar sambandi sem byggir á vinnuframlagi gegn endurgjaldi. Reglurnar taka mið af hvers konar aðstæðum sem fyrirtækinu er eða ætti að vera kunnugt um og gætu leitt til hagsmunaárekstra vegna skipulags og starfsemi annarra aðila í samstæðunni.
- 1.5. Reglurnar taka til núverandi viðskiptamanna félagsins, aðila sem félagið leitast eftir að koma á viðskiptasambandi við og fyrrverandi viðskiptamanna þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur ríkja enn milli þeirra og félagsins. Þá taka reglur þessar jafnframt til starfsmanna og stjórnenda félagsins.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Hagsmunaárekstur í skilningi reglnanna er þegar hagsmunir félagsins annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yferráða, og viðskiptamanns hins vegar eða þegar hagsmunir tveggja viðskiptamanna félagsins fara ekki saman. Hagsmunaárekstur skapast þegar félagið veitir viðskiptamanni sínum þjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir félagið eða aðra viðskiptamenn hans og leiðir til þess, eða getur

leitt til þess, að veruleg hættu skapast á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna skaðist. Þar að auki getur til þess komið að hagsmunir starfsmanna félagsins og stjórnar, eða félagsins sjálfs, fari ekki saman.

2.2. Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli:

- a) Viðskiptamanna félagsins innbyrðis.
- b) Mismunandi sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri KE.
- c) KE og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri KE.
- d) Starfsmanna KE og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri KE.
- e) Starfsmanna KE og félagsins.

2.2. Við mat á hagsmunaárekstrum við starfsfólk KE skal ekki eingöngu litið til hagsmuna viðkomandi starfsmanns heldur sömuleiðis nánustu fjölskyldu starfsmanns og fyrri starfa eftir því sem við á.

2.3. Fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi teljast vera hvers konar viðskipti sem falla undir orðskýringu 15. tölul. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga .

3. Greining hagsmunaárekstra innan KE

3.2. KE ber að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli félagsins, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yferráða og viðskiptamanna. Auk þess ber félaginu að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli viðskiptamanna þess innbyrðis. Þá ber að greina hagsmunaárekstra sem upp geta komið á milli starfsfólks félagsins og félagsins sjálfs. Greinarmun skal gera á því hvort um tilfallandi eða viðarandi hagsmunaárekstur sé að ræða og beita viðeigandi úrræðum.

3.3. Í viðauka I við reglur þessar hefur félagið skilgreint aðstæður og atvik í starfsemi sinni sem geta valdið hagsmunaárekstrum. Viðaukinn skal uppfærður reglulega, auk þess sem aðferðir og ráðstafanir til takmörkunar á hagsmunaárekstrum skulu einnig endurskoðaðar reglulega. Regluvörður félagsins skal halda skrá yfir þá hagsmunaárekstra sem upp koma.

3.4. Þegar metið er hvort hættu sé á að hagsmunaárekstrar geti skapast við veitingu þjónustu, mun KE meta hvort félagið, starfsmaður þess eða aðili sem er beint eða óbeint tengdur KE í gegnum yferrád:

- a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptamanns,
- b) hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem viðskiptamanni er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum viðskiptamanns að því er varðar niðurstöðuna,
- c) hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni tiltekins viðskiptamanns, sjóðs, sjóðsdeildar eða hóps viðskiptamanna fram hagsmunum annars viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar,
- d) stundar sams konar rekstur og viðskiptamaður,
- e) framkvæmi sömu starfsemi fyrir tiltekinn sjóð og fyrir annan sérhæfðan sjóð, verðbréfasjóð eða viðskiptavin.
- f) þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptamanni í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu.

4. Aðferðir og ráðstafanir til að takmarka hagsmunaárekstra

- 4.1. Félagið skal meðal annars grípa til eftirfarandi aðferða og ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra:
- a) Takmarka skal eins og kostur er upplýsingastreymi á milli starfsmanna innan félagsins og annarra félaga samstæðunnar sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum ef líkur eru á að upplýsingaskipti geti skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptamanna. Aðgreining starfssviða fer eftir reglum félagsins um aðskilnað starfssviða. Aðgreiningin skal tryggja að starfsmenn sem hafa það meginhlutverk að sinna starfsemi fyrir hönd viðskiptavina eða veita viðskiptavinum þjónustu, sem eiga hagsmuna að gæta sem stangast geta á, eða sem á annan hátt fara fyrir mismunandi hagsmunum er stangast geta á, lúti sérstöku eftirliti.
 - b) Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga fyrir eigin reikning eru háð fyrirfram samþykki regluvarðar skv. reglum félagsins um eigin viðskipti starfsmanna.
 - c) Ef starfsmaður hefur aðgang að upplýsingum um hagsmuni sem félagið á að gæta í tengslum við fjármálagerning skal gera viðskiptamanni grein fyrir þeirri stöðu við ráðgjöf sem varðar fjármálagerninginn. Leitast skal við að upplýsa viðskiptavini um hagsmunaárekstra sem koma upp eða er fyrirsjáanlegt að komi upp svo viðskiptavinurinn geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðskipta.
 - d) Gæta þess að engar tengingar sé að finna milli þóknana starfsmanna félagsins, sem annast fyrst og fremst eitt verkefni og þóknana starfsmanna á öðrum sviðum eða félögum samstæðunnar ef til hagsmunaárekstra gæti komið á milli þessara verkefna.
 - e) Koma skal í veg fyrir óeðlileg áhrif nokkurs aðila á það hvernig félagið sinnir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi með því að setja reglur um reglur sem koma í veg fyrir að aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður félagsins framkvæmir viðskipti með fjármálagerninga, eða takmarki getu hans til að hafa slík áhrif.
 - f) Hafa til staðar innri reglur og verkferla er taka á þeim tilvikum þar sem starfsmenn taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
 - g) Tryggja að verkefni sem valda hagsmunaárekstrum hjá tilteknum starfsmanni félagsins séu færð til óháðs starfsmanns eða starfsmanna.
 - h) Koma í veg fyrir að starfsmenn sem taka þátt í annarri starfsemi en starfsemi félagsins hafi óviðeigandi áhrif á viðskipti tengd hagsmunum þeirra aðila. Félagið hefur sett sér reglur um heimildir starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri.
 - i) Koma í veg fyrir að helstu stjórnendum sé mögulegt að beita sér í ákvarðanatöku í viðskiptum sem varða hagsmuni annarra stjórnenda eða gefa ástæðu til að ætla að óhæðis sé ekki fyllilega gætt svo telja megja að um hagsmunaárekstra sé að ræða. Félagið hefur sett sér reglur um viðskiptaerindi stjórnarmanna og reglur um viðskipti starfsmanna við félagið. Jafnframt er fjallað um viðskiptaerindi stjórnarmanna í starfsreglum stjórnar.
 - j) Tryggja að viðskipti starfsmanna og nákominna fari fram á armslengdarkjörum. Félagið hefur sett sér reglur um viðskipti starfsmanna við KE.
 - k) Koma í veg fyrir að helstu stjórnendur taki stjórnendastöður í keppinautum félagsins, nema um sé að ræða lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun sbr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013, sömuleiðis í tilviki stofnana sem eiga undir 7. mgr. 113. gr. sömu reglugerðar eða um sé að ræða fyrirtæki innan samstæðu Kviku banka hf. KE hefur sett sér reglur um heimildir starfsmanna til þátttöku í atvinnurekstri. Þá taka lög og reglur á aðkomu stjórnarmanna að öðrum eftirlitsskyldum aðilum.
 - l) Aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera, til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra.

- 4.2. Félagið skal setja sér viðeigandi verklög, kerfi, stjórnþæki og ferla, eftir því sem við á í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/565.
- 4.3. Forstöðumenn KE skulu tryggja að starfsmenn á þeirra vegum þekki reglur félagsins og skyldur sínar samkvæmt þeim.
- 4.4. Ef starfsmaður er í vafa um efni eða aðstæður sem kveðið er á um í þessum reglum skal hann hafa samband við sinn yfirmann eða regluvörð til að fá skýringar og/eða leiðbeiningar.

5. Stjórnun og tilkynning um hagsmunaárekstra

- 4.5. Þeir sem reglurnar taka til skulu eftir fremsta megni greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem geta valdið hagsmunaárekstrum. Ef þær aðstæður skapist þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum milli félagsins og viðskiptamanns ber starfsmanni alltaf að láta hagsmuni viðskiptamanns ganga framur eigin hagsmunum. Starfsmenn skulu ávallt gæta þess að viðskiptamenn félagsins njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.
- 4.6. Ef starfsmaður KE telur líkur á hagsmunaárekstri eða telur hagsmunaárekstur hafa komið upp, sem kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri KE, skal hann senda tölvupóst til regluvarðar á netfangið regluvordur@kvikaeignastyring.is þar sem greint er frá hagsmunaárekstri eða mögulegum hagsmunaárekstri.
- 4.7. Regluvörður skal leggja mat á hvort um hagsmunaárekstur sé að ræða og vera til ráðgjafar um þær aðgerðir sem til skal grípa til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaáreksturinn. Regluverði skal einnig heimilt, telji hann þörf á, að skjóta meðferð málsins til sérstakrar nefndar um aðgerðir gegn hagsmunaárekstrum. Í þeirri nefnd sitja, auk regluvarðar, forstjóri og einn lykilstarfsmaður í félaginu. Í fjarveru forstjóra og/eða regluvarðar skulu staðgenglar þeirra taka sæti í nefndinni.
- 4.8. Í þeim tilvikum þar sem ráðstafanir KE geta ekki veitt fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunum viðskiptamanna sé nægjanlega gætt skal félagið upplýsa viðkomandi viðskiptamenn um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni áður en til viðskipta er stofnað milli félagsins og viðskiptamanns ef unnt er, að öðrum kosti áður en viðeigandi þjónusta er veitt. Upplýsingarnar skulu veittar á varanlegum miðli og vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist. Félaginu er óheimilt að veita viðskiptavini þjónustu þegar ekki er unnt að forðast hagsmunaárekstra eða stýra þeim með innri reglum félagsins, nema viðskiptamaðurinn hafi verið upplýstur um mögulega hagsmunaárekstra, áhættuna sem félaginu þykir af þeim stafa ásamt þeim leiðum sem félagið telur tækar til að takmarka þá áhættu. Í upplýsingunum skal það koma skýrt fram að skipulags- og stjórnunarráðstafanirnar sem verðbréfafyrirtækið hefur komið á til að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra dugi ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist. Í slíkum tilvikum skal skýrt samþykki viðskiptamanns liggja fyrir um viðkomandi þjónustu.
- 4.9. Það úrræði sem fram kemur í grein 4.8 skal notað sem þrautavaraúrræði og aðeins í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að skilvirkar skipulags- og stjórnunarráðstafanir félagsins sem ætlað er að takast á við hagsmunaárekstra duga ekki til svo komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist.
- 4.10. Þegar upp koma alvarlegir hagsmunaárekstrar sem félaginu er ekki heimilt að upplýsa einstaka viðskiptamenn um mun félagið ekki veita þjónustu sem kemur til með að tengjast framangreindum árekstrum.

5. Þjónusta miðlara

Nýti KE sér þjónustu miðlara í skilningi 20. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fyrir hönd sérhæfðs sjóðs skulu skilmálar þjónustunnar koma fram í skriflegum samningi milli aðila, sbr. 5. mgr. 22. gr. sömu laga. Ef framsal eða önnur ráðstöfun eigna sjóðs er heimil skal um það getið í samningnum og skal slíkt jafnframt vera í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs. Í samningi skal kveðið á um að vörsluaðili hlutaðeigandi sjóðs verði upplýstur um tilvist samningsins. KE skal leitast við að velja miðlara af kostgæfni.

6. Skjölun

- 6.1. Ef upp kunna að koma atvik sem talin eru til hagsmunaárekstra eða vart verður við atvik sem kunna að verða til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum skal félagið skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðkomandi hagsmunaárekstra, hvort sem þeir eru tilkynntir til viðskiptamanns eða ekki. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun félagið skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðskiptamann, þjónustu sem óskað var eftir eða veitt var og viðbrögð félagsins.
- 6.2. Skrá skal haldin yfir þær ákvarðanir sem kunna að vera teknar vegna viðkomandi atviks. Það skal nákvæmlega skráð ef slíkt atvik hefur verið samþykkt og þá tilgreina hvernig atvikið hefur verið meðhöndlað, til hvaða aðgerða hafi verið gripið af hálfu félagsins og af hverju umræddir hagsmunaárekstrar teljist fullnægjandi af hálfu félagsins án frekara inngríps.
- 6.3. Hverskonar hagsmunaárekstrar sem kunna að koma upp hjá stjórn félagsins, hvort sem eru einstaklingsbundnir eða í heild, skulu sérstaklega skráðir. Slíkir hagsmunaárekstrar skulu teknir fyrir af hálfu stjórnar, þar ræddir og leiddir til lykta. Kappkostað skal að skjala hvert skref frá því að vart verður við slíka hagsmunaárekstra fram til endanlegrar afgreiðslu.

7. Eftirlit og endurskoðun

- 7.1. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.
- 7.2. Sérstakt eftirlit skal haft með sjóðstjórum sem annast sameiginlega stýringu eignasafns fyrir hönd þeirra viðskiptavina eða fjárfesta, eða veita þeim þjónustu, sem geta átt í hagsmunaárekstrum eða eru fulltrúar mismunandi hagsmuna sem geta stangast á, þ.m.t. en ekki takmarkað við, hagsmunir rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- 7.3. Regluvörður heldur skrá yfir þá starfsemi sem telst til fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og stunduð er af félaginu, eða fyrir hönd félagsins, þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast, eða sem getur skapast ef um er að ræða samfellda þjónustu eða starfsemi, þar sem hætta er á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri KE skaðist eða muni skaðast. Regluvörður skal láta framkvæmdastjórn félagsins í té skýrslur a.m.k. árlega um þær aðstæður sem um getur í þessari málsgrein.
- 7.4. KE endurskoðar reglulega reglur þessar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, í það minnsta árlega, auk þess sem verklagsreglur og verkferlar eru reglulega endurskoðaðir m.t.t. reynslu af hagsmunaárekstrum, sbr. grein 3.3.

8. Breytingar

- 8.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn KE hefur samþykkt þær.
- 8.2. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af framkvæmdastjóra.

9. Viðurlög

- 9.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað refsingu eftir því sem er kveðið á um í ákvæðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Brot gegn reglunum geta varðað formlegri áminningu og eftir atvikum brottrekstri.
- 9.2. Starfsmönnum félagsins ber skylda til að greina regluverði tafarlaust frá því ef þeir verða þess áskynja eða hafa grun um að reglurnar séu brotnar. Regluvörður skal halda skrá yfir meint brot. Sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða skal regluvörður tilkynna það forstjóra og/eða stjórn eftir atvikum og innri endurskoðanda.

10. Birting

- 10.1. Reglur þessar eða a.m.k. útdráttur úr þeim skal vera aðgengilegur á vef félagsins.

Þannig samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 16.11.2021

VIÐAUKI I

Listi yfir mögulega hagsmunaárekstra

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra í starfsemi KE:

1. KE, starfsmenn KE eða tengdir aðilar hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar í rekstri KE.
2. KE, starfsmenn KE eða tengdir aðilar hafa aðra hagsmuni af útkomu fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi en viðskiptamaður, sjóður eða sjóðsdeild í rekstri KE.
3. KE, starfsmenn KE eða tengdir aðilar geta haft hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri KE á kostnað annarrar.
4. KE, starfsmenn KE eða tengdir aðilar geta rekið sömu starfsemi og viðskiptamaður.
5. KE, starfsmenn KE eða tengdir aðilar fá þóknun frá öðrum en viðskiptamanni í tengslum við þjónustu KE.
6. KE eða tengdir aðilar fá rausnarlegar gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina KE.
7. Kvika banki hf. er eigandi virks eignarhluta í KE. Kvika banki hf. annast jafnframt verkefni fyrir KE samkvæmt samningum um útvistun gegn þóknun frá KE. Þessari tilhögun er ætlað að leiða til hagræðingar og bættrar þjónustu við viðskiptavinum en getur jafnframt leitt til hagsmunaárekstra vegna eignatengsla annars vegar og viðskiptahagsmuna hins vegar á grundvelli fyrrnefndra samninga um útvistun verkefna.
8. Starfsmenn KE hafa hagsmuna að gæta vegna eignarhalds síns á hlutafé í móðurfélagi og/eða vörslufyrirtæki félagsins, eða áskriftarréttindum að hlutafé. Starfsmenn KE hljóta ávinning með því að láta hagsmuni móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis ganga fyrir á kostnað sjóða með kjörum eða með því að beina viðskiptum þangað þegar hagstæðara er að beina viðskiptunum annað.
9. Starfsmenn KE eiga viðskipti með hlutabréf í móðurfélagi og/eða vörslufyrirtæki þar sem þeir láta eigin hagsmuni ganga framar hagsmunum sjóða við ákvörðunartöku um kaup og sölu.
10. Starfsmenn KE hafa áhrif á seljanleika hlutabréfa móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis, t.d. með því að selja eigin bréf í stað bréfa sjóða þegar eftirspurn er lítil.

Dæmi um mögulega árekstra milli starfsmanna og félagsins:

1. Vegna fjárhagslegra hagsmuna félagsins, s.s. í þeim tilvikum þar sem starfsmaður eða stjórnandi félagsins á eignarhlut eða hverskonar eignarrétt í viðskiptavini félagsins, lán veitt fyrirtæki í eigu starfsmanns félagsins eða fyrirtækis hvers starfsmaður félagsins er í stjórn.
2. Náíð samband starfsmanns við hluthafa félagsins, hvort sem er vinnutengt eða persónulegt.
3. Framkvæmd viðskipta varðar hagsmuni starfsmanns, fjölskyldu hans eða annan þann sem er í persónulegu eða viðskiptalegu sambandi við starfsmann félagsins.
4. Önnur eða fyrri störf starfsmanns sl. 5 ár.
5. Persónuleg eða viðskiptaleg tengsl við aðra sem kunna að hafa hagsmuni af viðskiptum framkvæmdum af félaginu.
6. Pólitísk áhrif eða pólitísk tengsl starfsmanns.

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra milli stjórnar og félagsins

1. Hverskonar atvik sem kann að hafa áhrif á getu stjórnarmanns til að taka hlutlægar ákvarðanir í þágu félagsins.
2. Um slíka hagsmunaárekstra og viðbrögð við þeim er nánar fjallað í starfsreglum stjórnar og reglum félagsins um viðskiptaerindi stjórnarmanna.

Ekki skal litið svo á að um hagsmunaárekstra sé að ræða ef gagnstæðir hagsmunir eru taldir minniháttar, s.s. að rekja til eignarhlutar innan *de minimis* mælikvarða.